

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 45/2012**

2013/EES/28/02

frá 19. janúar 2012

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar efni
flutningsskjala (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

Handvirk skráning órafrænna kennimerkja kallar á
töluverða vinnu fyrir umsjónarmenn dýranna og er
hugsanlegur skekkjuvaldur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17.
desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og
skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr.
1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽¹⁾,
einkum 1. mgr. 10. gr.,

- 5) Tekið var tillit til sérstakra aðstæðna dýra sem fædd voru
fyrir 31. desember 2009 að því er varðar kröfuna um að
skrá einstaklingsbundna kóða dýranna í flutningsskjalið.
Áhættan, sem fylgir flutningum þessara dýra til sláturhúss,
er takmörkuð og réttlætir ekki aukið stjórnsýsluálag sem
hlýst af þeirri kröfu. Dýr, sem flutt eru beint til sláturhúss
innan sama aðildarríkis, voru því undanþegin þeirri kröfu
án tillits til þess hvaða dag flutningurinn á sér stað.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert
aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og
skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar
reglugerðar.
- 2) Kerfið á að samanstanda af fjórum þáttum, nánar tiltekið:
auðkennismerki til að auðkenna sérhvert dýr (hér á eftir
nefnt auðkennismerki), uppfærðar skrár, sem eru færðar
á hverri bújörð, flutningsskjöl (áður flutningsskýrslur) og
miðlæg skrá eða tölvugagnagrunnur. Í viðaukanum við þá
reglugerð eru settar fram kröfur fyrir þessa þætti.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að frá og
með 31. desember 2009 verði skylt að nota rafræna
auðkenningu fyrir öll dýr sem eru fædd eftir þann dag.
Flest dýr sem eru fædd fyrir þann dag eru þó ennþá aðeins
auðkennd með órafrænum kennimerkjum.
- 4) Einstaklingsbundna kóða dýra, sem eru í órafrænu
kennimerkjunum, er eingöngu unnt að skrá handvirkta.

- 6) Til að draga enn frekar úr stjórnsýsluálagi á rekstraraðila
er kveðið á um í viðaukanum við reglugerð (EB)
nr. 21/2004, eins og henni var breytt með reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/2008⁽²⁾, að
krafa um skráningu einstaklingsbundinna kóða
dýra í flutningsskjál fyrir 31. desember 2011 sé ekki
skyldubundin vegna dýra sem fædd eru fyrir 31. desember
2009 við alla flutninga nema flutning þeirra til sláturhúss,
beint eða með því að beina þeim í tiltekinn farveg.
- 7) Þjónustudeildum framkvæmdastjórnarinnar hefur ekki
borist tilkynning um neina meiri háttar galla í kerfinu
vegna framkvæmdar þessarar undanþágu á þeim tíma sem
umbreytingartímabilið hefur staðið yfir.
- 8) Í gögnum kemur þó fram að vegna þess að sauðfé og geitur
eru haldin á sérstakan hátt í sumum aðildarríkjum verði
dýr, sem fæðast fyrir 31. desember 2009, enn verulegur
hluti af sauðfjár- og geitastofninum fram til 31. desember
2014. Áhættan sem tengist flutningum þeirra fer ört
minnkandi í réttu hlutfalli við fækkun dýranna. Handvirk
skráning órafrænna kennimerkja í þessum tilvikum mun
þó skapa verulegt stjórnsýsluálag fyrir umsjónarmenn
dýranna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 17, 20.1.2012, bls. 1. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2013 frá 3 maí 2013 um
breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn,
bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 5.

- 9) Því er rétt að flutningur þessara dýra sé áfram undanþeginn kröfunni um að einstaklingsbundinn kóði dýra sé skráður í flutningsskjalið til 31. desember 2014. Álagið á umsjónarmenn dýranna, sem fylgir slíkri skráningu eftir þá dagsetningu yrði þá innan viðunandi marka, einnig hugsanlegir skekkjuvaldar.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.
- 11) Í þágu réttarvissu er rétt að þessi reglugerð gildi afturvirkkt frá 1. janúar 2012 til að tryggja samfellu í beitingu á undanþágunni frá kröfunni um að einstaklingsbundinn kóði dýra sé skráður í flutningsskjalið.

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 3. liðar C-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 komi eftirfarandi:

„b) til 31. desember 2014 að því er varðar alla aðra flutninga.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
